

## Minnispunktur

### 3. fundur stýrihóps fagráðs um símenntun kennara í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu 25. júní 2013.

Mættir: Jón Torfi Jónasson, Gunnar Gíslason, Björg Bjarnadóttir, Svanhildur Ólafsdóttir, Ársæll Guðmundsson og Sigurjón Mýrdal.

1. Farið yfir fundargerð fagráðsins frá 31.05.2013. Ekki athugasemdir.
2. Sv.Ól. Sagði frá könnun skólastjórnenda á öllum skólastigum á starfsþróun. Námskeið er í undirbúningi.
3. Sv.Ól sagði frá námstefnu ESB. (PLA) um starfsþróun kennara sem hún sótti ásamt Önnu Kristínu Sig. í Vínarborg 2.-6. Júní. Efni: "*Teacher CPD policies: balancing needs and provision at the level of individual teachers, of schools and of education systems*". Kynnti skýrsludrög.
4. SM nefndi að stefnt væri að ráðastefnu um starfsþróun kennara haustið 2014, á formennskuári Íslendinga í norrænni samvinnu. Væntanlega verður leitað til fagráðsins um undirbúning.
5. Almenn umræða um verkefni fagráðsins og hlutverk stýrihópsins. Farið yfir aðgerðalista. Ákveðið að stýrihópur forgangsraði verkefnum fyrir næsta fund (tafla JTJ). Stefna að vinnufundi í fagráðinu í haust og jafnvel málþingi fyrir jól.
6. Rætt um skilgreiningu á starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Áhersla á samhengi milli skólastiga.
7. Ráðning starfsmanns – í ½ starf í 2½ ár. Auglýsa sem fyrst. Starfsmaðurinn þarf að hafa grunnþekkingu á skólamálum, einkum starfsþróun kennara, hafa skipulagshæfni. Æskilegt er að hann hafi kennaramenntun.
8. Safna þyrfti gögnum um fjármál símenntunar og starfsþróunar kennara og kortleggja sjóði.
9. Þróa áfram gagnagrunn um símenntun.